

Lög Styrktarsjóðs MFH

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Meistarafélags húsasmiða.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að styrkja félag Meistarafélagsins eða ekkjur þeirra, þegar sjúkdómar eða slys hindrar sjálfsbjörg þeirra ásamt útfararstyrk við andlát félagsmanna. Skal það gert eftir þeim reglum, sem settar eru með skipulagsskrá þessari.

3. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

Sérstakt gjald á hvern félagsmann í Meistarafélagi húsasmiða og skal gjaldið aldrei vera lægra en nemur 5% af greiddu árgjaldi félagsmanns til Meistarafélagsins. Skal gjaldið innheimt samhliða árgjaldi félagsmanna.

4. gr.

Aðnjótandi styrks úr sjóðnum getur hver félagsmaður eða ekkja hans orðið samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

1. Að hann hafi greitt félagsgjöld minnst síðastliðna 6 mánuði.
2. Að hann sé skuldlaus við félagið.
3. Að hann vegna sjúkdóma eða slysa geti ekki unnið arðbæra vinnu og hafi ekki verulegar eignatekjur. Að hann hafi verið í fullri vinnu fram að þeim tíma sem hann verður óvinnufær.
4. Við mat á fjárhagsstöðu umsækjanda skal honum ekki virt til tekna, þótt hann hafi haft lögbundinn lífeyri.
5. Nánustu ættingjar geta sótt um útfararstyrk við andlát félagsmanns.

5. gr.

Sá, er sækir um styrk úr sjóðnum og uppfyllir þau skilyrði, sem sett eru í 4. gr. skipulagsskrár þessarar, skal senda um það skriflega umsókn sem afhent er á skrifstofu félagsins eða sent í tölvupósti.

6. gr.

Styrkveiting úr sjóðnum skal fara fram eftir því sem umsóknir berast.

7. gr.

Sjóðurinn hafi sérstakan féhirði, sem kosinn sé á aðalfundi Meistarafélags húsasmiða ár hvert, en stjórn félagsins hefur yfirumsjón með fjárreiðum hans. Enga upphæð má greiða úr sjóðnum nema með fyrirfram samþykki félagsstjórnar, að undanskildum útfararstyrk. Upphæð útfararstyrks skal vera 200.000- formanni Meistarafélags húsasmiða eða gjaldkera sjóðsins er heimild að greiða hann eftir því sem umsóknir berast. Féhirði er skylt að semja ársreikning fyrir sjóðinn, og leggja hann fyrir aðalfund félagsins endurskoðaðan og samþykktan af skoðunarmönnum þess.

8. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í viðurkenndum peningastofnunum, í formi lána tryggðum með öruggu fasteignaveði eða með ríkistryggðum skuldabréfum. Allar skuldbindingar sjóðsins eru háðar fyrirfram samþykki félagsstjórnar. Þó skal ávallt vera handbært fé til árslegra útborganna. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

9. gr.

Rísi ágreiningur út af skipulagsskrá þessari skal hann lagður fyrir næsta félagsfund.

10. gr.

Breytingar á þessari skipulagsskrá má aðeins gera á aðalfundi Meistarafélags húsasmiða, og þarf 2/3 greiddra atkvæða til þess að breytingartillögurnar nái fram að ganga. Tillögur að lagabreytingum skulu fylgja fundarboði.

Breytt á aðalfundi 4. Maí 2017